

# Stjórnarfundur SKL

**Haldinn á Hótel Borg, kl. 08:30, 06.12.2011**

**Mætt voru Hilmar Oddsson, Friðrik Þór Friðriksson og Óskar Jónasson.**

1. Fundargerð síðasta fundar lesin upp og samþykkt.
2. Formenn fagfélaganna skrifa undir samkomulag á fimmtudaginn nk, við menntamálaráðuneytið um hækkun á framlögum til kvikmyndasjóðs.
3. Lög um endurgreiðslu verða vonandi afgreidd fyrir jól.
4. Mikill áhugi er á að halda áfram félagsfundum þar sem nýlegar kvikmyndir eru ræddar. Tillögur komu upp um að taka næst fyrir kvikmyndirnar „Á annan veg“ og „Borgríki“.
5. Vilji er fyrir því að SKL skipuleggji áframhaldandi workshop í handritagerð. Næsta skref yrði workshop sem væri starfrækt af félagsmanni SKL, nafn Ara Kristinssonar kom upp. Áhugi er að fá handritshöfunda utan félagsins til að taka þátt. Ragnar og Óskar ætla að fá fund með Laufeyju um þetta mál.
6. Einnig er möguleiki á að SKL skipuleggji að fá fyrirlesara til landsins, t.d. Richard Price.
7. Laufey hefur nefnt við Ragnar um að á þriðjudaginn í næstu viku verði opinn fundur fagfélaganna og KMÍ um samkomulagið við menntamálaráðuneytið.

Ritari var Óskar Jónasson.